

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**101 Reykjavík**

Sent með tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 7. febrúar 2024

**Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027, 584. mál.**

Kvenréttindafélag Íslands styður ofangreinda þingsályktunartillögu í öllum meginatriðum og fagnar því innilega að hún sé framkomin. Félagið fagnar því einnig að tengja eigi framkvæmdaáætlunina við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og minnir á markmið 5 um jafnrétti.

Kvenréttindafélag Íslands sendi inn umsögn í samráðsgátt dags. 23. nóvember 2023 um sama mál og þakkar fyrir að tillit hefur verið tekið til sumra athugasemda félagsins. Í þeirri umsögn benti Kvenréttindafélagið á að nokkuð skorti á áherslu á kynjasjónarmið og telur félagið að litlu hafi verið bætti við hvað þann þátt varðar og vill áréttta eftirfarandi:

- Ofbeldi gegn fötluðum konum og kvárum: Eins og Kvenréttindafélag Íslands benti á í umsögn sinni í samráðsgátt dags. 23. nóvember 2023 er eingöngu er fjallað um ofbeldi gegn fötluðum konum og kvárum í lið E.11. Vandamál af þeirri stærðargráðu og þeim alvarleika sem ofbeldi gegn fötluðum konum og kvárum er þarf að fléttast inn í alla bókstafslíði framkvæmdaáætlunarinnar. Þannig ætti til dæmis í lið A um vitundarvakningu og fræðslu að bæta við sérstökum lið um vitundarvakningu um ofbeldi gegn fötluðum konum og kvárum og í lið D um menntun og vinnu að bæta við sérstökum lið um ofbeldi og áreiti gegn fötluðum konum og kvárum á vinnustöðum og í menntastofnunum.
- Umönnunarbyrði fjölskyldna fatlaðs fólks: Vegna þess hve takmarkaða þjónustu fatlað fólk fær heilt yfir frá hinu opinbera leggst umönnunarbyrðin á fjölskyldur og sérstaklega nána kvenkyns ættingja þeirra. Oftast er um að ræða umönnun og þjónustu sem sveitarfélögum eða ríki er skylt að veita lögum samkvæmt. Kvenréttindafélagið telur nauðsynlegt að áhrif og umfang umönnunar sem fellur á (kvenkyns) ættingja fatlaðs fólks verði kortlögð og að því skuli bæta við í framkvæmdaáætlunina.

## Sértækar ábendingar

Aðgerð A5 um fatlað fólk í fjölmiðlum: Hér er sérlega mikilvægt að tekið sé fram að kynjajafnvægis verði gætt.

Aðgerð A.11 um töluleg gögn er mikilvæg til að meta árangur og Kvenréttindafélagið styður hana en vill benda á að taka einnig saman töluleg gögn um atvinnuþátttöku og tekjur aðstandenda fatlaðs fólks og greina eftir kynjum.

Aðgerð B10 um aðgang fatlaðs fólks að fíknimeðferð: Ítrekað hefur verið bent á mikilvægi kynjaðrar nálgunar á fíknimeðferð undanfarið og þar eru fatlaðar konur og kvár ekki undantekning. Nauðsynlegt er að tryggja að fatlaðar konur og kvár eigi kost á fíknimeðferð þar sem þau upplifa öryggi og skilning, að tekið sé tillit til áfalla og ofbeldis sem þau hafa orðið fyrir við meðferð og að þau eigi ekki á hættu að hitta gerendur þeirra í fíknimeðferð.

Aðgerð C5 um að fjármagn fylgi einstaklingum: Kvenréttindafélagið styður aðgerðina en bendir jafnframt á að ekki megi búa til tekjustofn fyrir aðstandendur fátæks fólks sem sinna hlutverki umönnunaraðilar. Bæði hefur það neikvæð áhrif á sjálfstæði og atvinnuþátttöku (kvenkyns) umönnunaraðilans en getur líka gert fatlaðan einstakling að fjárhagslega bundinn aðstandanda.

Aðgerð E.1. um styttingu biðtíma eftir greiningum styður Kvenréttindafélagið heilshugar en sú bið getur í sumum tilfellum verið nokkur ár og á meðan fá fjölskyldur ekki viðeigandi aðstoð eða þjónustu sem getur valdið verulegu álagi á fjölskylduna og heimilin, oftast á mæður.

Aðgerðir F1 og F2. Kvenréttindafélagið styður þessar aðgerðir heilshugar.



Tatjana Latinovic  
formaður Kvenréttindafélags Íslands